



## Sundlaugar opna á ný



Mynd: Dagskráin/GPP

Fimmtudaginn 10. desember var snemmbúin jólagjöf í hugum fjölmargra sundlaugar-gesta á Suðurlandinu. Margir hafa beðið óþreyjufullir eftir því að geta skellt sér í heitan pott, tekið nokkur sundtök eða láta sig hafa það að dýfa sér í kalda pottinn og hressa líkamann við. Sundlaugar mega taka

við gestum sem nemur helming af útgefnu starfsleyfi lauganna. Í tilfalli Sundhallar Selfoss er fjöldinn hverju sinni samtals 70 manns á meðan Sundlaug Stokkseyrar getur tekið við 17. Við það er að bæta að börn fædd 2005 og síðar telja ekki með í þessum tölum.

Í tilkynningu frá laugunum

eru gestir beðnir að sýna til-litssemi og dvelja ekki lengur í lauginni en 60 – 90 mínútur hverju sinni svo fleiri geti notið þess að komast í laugarnar. Þá má minna á að á heimasíðu Árborgar má finna mæli sem sýnir fjöldann í lauginni hverju sinni.

-gpp



## Pósturinn dreifir ekki síðasta blaði fyrir jól

Vegna ákvörðunar Póstsins um að dreifa ekki blaðinu sem kemur 22. desember nk. fyrr en eftir áramót verður dreifingu þess háttáð með öðrum hætti. Við hverfum aftur til þess tíma þegar blaðið

lá frammi í öllum helstu verslunum á Suðurlandi.

Á nýju ári mun fyrsta blað ársins koma út þann 6. janúar 2021 og verða eftir sem áður dreift á hvert heimili nema á Selfossi.

### Síðasta blað fyrir jól mun liggja frammi á eftirtöldum stöðum:

Þorlákshöfn  
Hveragerði  
Eyrarbakki  
Stokkseyri  
Selfoss  
Borg í Grímsnesi  
Reykholt  
Laugarvatn  
Flúðir  
Hella  
Hvolsvöllur  
Vík  
Klaustur

Skálinn  
N1 og Bónus  
Verslunin Bakki  
Skálinn  
Verslanir og blaðakassar  
Verslunin Borg  
Bjarnabúð  
Krambúðin  
Krambúðin  
Olís  
N1  
Víkurskáli  
Skaftárskáli

## Gjaldtaka á bílastæðum í Reykjadal

Bæjarstjórn Hveragerðisbæjar samþykkti á fundi sínum 10. desember sl. að hefja gjaldtöku á bílastæðum við Árhólma um leið og salemisaðstaða og þjónustuhús verða tilbúin. Tvö tilboð bárust í bílastæðalausnir í Reykjadal. Annarsvegar frá Parking og hinsvegar frá Öryggismiðstöðinni. Tilboði Öryggismiðstöðvarinnar var tekið. Undirbúningur að gjaldtöku hefst nú þegar, en tillögur að gjaldi og fyrirkomulagi gjaldtöku skulu lagðar fyrir bæjarráð í janúar 2021. „Bæjarstjórn vill koma á framfæri að bílastæðagjaldi er ætlað að standa straum af kostnaði við uppbyggingu á staðnum og þjón-



ustu sem veitt er gestum. Bíla-planið eitt og sér kostaði ríflega 40 milljónir og bæjarfélagið mun greiða rekstraraðilum á svæðinu fyrir þá þjónustu sem veitt er þeim fjölmörgu sem um það fara. Einnig standa vonir til að

hægt sé að setja fjármuni í nauðsynlega uppbyggingu göngustíga og úrbætur inn í Reykjadal. Ágóði af bílastæðinu, ef einhver verður, mun eingöngu nýstast til uppbyggingar á umhverfi og aðkomu.“

-gpp



## Skjálftinn 2021 haldinn í Þorlákshöfn í fyrsta sinn

Við óskum Sunnlendingum öllum gleðilegra jóla og farsældar á komandi ári.

Þökkum viðskiptin á árinu sem er að líða.

**PÍPULAGNIR HELGA**

Háheiði 10, Selfossi  
S. 699 1985 / 823 6656

## Rafverktakar · Verslun Öryggis-, myndavéla- og loftnetskerfi



Framúrskarandi  
Fyrirtæki 2013

**Árvirkinn**

Neyðarsími 660 1160

Eyraveggi 32 · Selfossi · Sími 480 1160  
www.arvirkinn.is



*Gledilega hátíð*  
**Motivo**  
 Hönnun, tíska og qjafavara  
 Austurvegi 9 Selfossi S. 482 1700 Motivo.is

**ÞAÐ ERU  
 8 DAGAR  
 TIL JÓLA**

**UNDRALAGNIR**  
 ÖLL ALMENN PÍPULAGNINGAÞJÓNSTA  
 Sími 8484768  
 UNDRALAGNIR@GMAIL.COM  
 JÓN KARL LINDAL PÍPULAGNINGAÞJÓNSTA


## Hugleiðingar í árslok

Árið 2020 mun eflaust seint líða landsmönnum úr minni. Í byrjun árs voru engar vísbendingar um annað en að hér á landi myndi áfram ríka hagsæld og að ferðamönnum héldi áfram að fjölga. Það ásamt mikilli uppbyggingu og áframhaldandi fjölgun íbúa í Svf. Árborg gaf tilefni til þess að horfa björtum augum fram á veginn.

En svo kom reidarslagið þegar Covid-19 stakk sér niður hér á landi sem og annarsstaðar í heiminum. Fjöldi fólks hefur liðið illa í þessu ástandi sem hefur ríkt og er það mjög skiljanlegt þar sem gríðarleg óvissa hefur ríkt um heilsu og afkomu fólks í landinu.

### Breyttur heimur

Fyrir íbúa Svf. Árborgar, starfsmenn þess og stjórnendur blasti við alveg nýr veruleiki; sóttvarnir, hólfaskiptingar, lokanir stofnana, fjarvinna, sóttkví, einangrun o.s.frv. Þær hafa verið margar áskoranirnar og verkefni sem hafa fylgt þessum fordæmalausum tímum. Starfsfólk sveitarfélagsins hefur tekist á við þetta flókna verkefni með miklum sóma. Það hefur staðið í framlínunni og veitt mikilvæga þjónustu sem hefur einkenst af sveigjanleika og umhyggju fyrir notendum þjónustunnar. Lítil hluti af þessum verkefnum voru þegar skrifaðar í handbækur eða verklagsreglur og varð því að bregðast hratt við flóknum aðstæðum. Fyrir þetta mikilsverða framlag starfsfólksins þökkum við af allhug.



Þessu ástandi hafa líka fylgt efnahagsþrengingar. Ferðamenn hættu að koma til landsins, fyrirtæki hafa neyðst til þess loka starfsemi sinni eða hættu rekstri. Í kjölfarið hefur atvinnuleysi farið vaxandi allt árið. Fyrir rekstur sveitarfélagsins hefur þetta þýtt mikinn samdrátt í tekjum og stóraukinn kostnað, m.a. vegna vaxandi fjölda þeirra sem þurfa á fjárhagsaðstoð að halda, mikillar fjölgunar barnaverndarmála og ýmissa annarra velferðarmála.

Það liggur því ljóst fyrir að rekstur sveitarfélagsins og áætlanir fyrir árið 2020 munu ekki standast og verða með einhverjum frávikum sem ekki eru að fullu ljósar á þessari stundu. Einnig liggur fyrir að þessi faraldur og því sem honum fylgir er ekki lokið. Afleiðingum heimsfaraldursins má líkja við náttúruhamfarir sem við munum þurfa að takast á við á næstu árum.

### Höldum áfram

Í þessari viku verður lögð fram fjárhagsáætlun ársins 2021 og þriggja ára áætlun til ársins 2024. Óhjákvæmilega er fjárhagsáætlunin lituð af því ástandi sem hefur verið. Nýir kjarasamningar og fjölgun starfsfólks vegna nýs grunnskóla, leikskóla og annars mun hafa veruleg áhrif á út-

gjöldin. Áfram er reiknað með töluverðri íbúafjölgun í sveitarfélaginu og því nauðsynlegt að halda áfram þeirri innviðauppbyggingu sem hafin er. Því er í fjárfestingaráætlun sveitarfélagsins ekki dregið úr nauðsynlegum innviðafjárfestingum heldur stefnt að því að halda sjó eftir því sem kostur er, til hagsbóta fyrir íbúa sveitarfélagsins til framtíðar. Sveitarfélög standa fyrir einum þriðja af opinberum framkvæmdum á Íslandi og því afar slæmt fyrir endurreisn efnahagslífsins ef sveitarfélög draga úr sinni uppbyggingu með tilheyrandi innviðaskuldum til framtíðar.

Við viljum að endingu senda starfsfólki sveitarfélagsins, íbúum þess og Sunnlendingum öllum okkar bestu óskir um gleðileg jól og farsæld á komandi ári, með þakklæti fyrir samskiptin á líðandi ári. Horfum björtum augum til framtíðar og stöndum saman, þannig komumst við í gegnum þetta ástand sem hefur ríkt að undanfögnu.

*Arna Ír Gunnarsdóttir, S-lista  
 Eggert V. Guðmundsson, S-lista  
 Helgi S. Haraldsson, B-lista  
 Sigurjón V. Guðmunds., A-lista  
 Tómas Ellert Tómasson, M-lista*

## Hrós vikunnar

Hjónin í Efstadal (Árni Benónýsson) eru hróssarar vikunnar að þessu sinni:



Hjónin í Efstadal (Árni Benónýsson)

Við viljum hrósa hjónunum og góðum vinum okkar á Brekku, þeim Jóhanni Helgasyni og Helgu Maríu Jónsdóttur fyrir dugnað og hjálpssemi. Erum þakklát fyrir frábæra og jákvæða nágranna sem eru ávallt boðin og búin. P.s. megum við fá lánaðan traktorinn? :)

Hjónin í Efstadal (Árni Benónýsson)

Við skorum á Jóhann til að koma með næsta hrós vikunnar.

Dagskráin, fréttablað Suðurlands

Jóhann, þú sendir okkur hrósið á netfangið dfs@dfs.is. Ekki væri verra að fá mynd með :)



## Laufabrauðið sem endurspeglar samtímann

Já, kóvitið smeygir sér víða. Já brauðinu hér til hliðar sem kallað var „kóvikkall“, má greina dapran mann með grímu. Laufabrauðsskurðurinn er fámennur þessa dagana og minnir hálfpartinn á þaðstufustemninguna þegar hver fékk sína kókuna til að skreyta fyrir jólin. Það

er ákveðin nostalgía og gleði fólgin í því!

Einhver húmoristinn hefur rist þennan ágæta karl eða konu með grímu fyrir vitum. Þarna vantar ekkert nema dálítið af tvíreyktu hangilæri, jafnvel smá smjörklípu og Malt fyrst þeir hafa skrúfað fyrir jólaölið.







# JÓLAFATNAÐUR JÓLAGJAFIR

Munið gjafabréfin vinsælu

ALLTAF OPIÐ Í  
VEFVERSLUN OKKAR  
TISKUVERSLUN.IS

Gleðilega hátíð

Ýmis spennandi tilboð í gangi

**PONSJÓ  
SJÖL  
LEÐURHANSKAR  
SKARTGRIPIR  
ÓDÝRIR HANSKAR  
VESKI**

**LINDIN**  
TÍSKUVERSLUN  
Eyravegji 29 · Selfossi · Sími 482 1800



## TRYGGVASKÁLI

### AUGLÝST EFTIR REKSTRARAÐILA

Auglýst er eftir áhugasömum rekstraraðila til að taka á leigu húsnæðið í Tryggvaskála á Selfossi. Lágmarks leiguverð er 655.000 krónur á mánuði með tenginu við vísitölu neysluverðs og er eldunaraðstaða með fullkomnum eldunartækjum fyrir veitingarekstur innifalin í leiguverðinu. Leigutími ætti að hefjast sem fyrst. Sveitarfélagið Árborg leigir húsnæðið út í samráði við Tryggvaskálafélagið og er lengd leigutíma eitt samningsatriði.

Farið verður yfir allar umsóknir og þær metnar í ljósi þess leiguverðs sem boðið er, lengdar leigutíma sem óskað er og hvernig fyrirhuguð starfsemi gæti fallið að húsinu og sögu þess. Óskað er eftir greinargóðri lýsingu á fyrirætlanum í umsókninni.

Umsóknarfrestur er til 15. janúar 2021 og er hægt að skila umsóknum í tölvupósti á Gísla H. Halldórsson, bæjarstjóra, gislihh@arborg.is eða Braga Bjarnason, deildarstjóra, bragi@arborg.is.



## Laus staða við Bláskógaskóla Laugarvatni

Nemendur í skólanum eru 75 á leik- og grunnskólastigi. Ef þú hefur áhuga þá endilega sendu okkur línu eða hafðu samband símleiðis, staðan sem er í boði er:

- Leikskólakennari 100% staða

Hér í skólanum er starfið í stöðugri þróun og hefur skólinn markað sér sérstöðu í útikennslu. Þar sem skólinn er samrekin leik- og grunnskóli hefur samfella á milli skólastiga verið góð og markviss. Stuðst er við fjölbreytta kennsluhætti og lögð áhersla á einstaklingsmiðað nám. Skólinn er grænfánaskóli og leggur áherslu á umhverfismennt.

Kennarar og starfsfólk vinnur í teyllum á báðum skólastigum og leggjum við ríka áherslu á góða samvinnu allra sem að skólasamfélaginu koma.



**Starfið hentar öllum kynjum.**

Ef ekki fæst kennari með kennsluréttindi á viðkomandi skólastigi verður litið til menntunar, reynslu og meðmæla úr fyrri starfi/störfum. Nánari upplýsingar veitir Elfa Birkisdóttir skólastjóri í síma: 480-3030 eða í gegnum tölvupóst [elfa@blaskogaskoli.is](mailto:elfa@blaskogaskoli.is). Umsóknarfrestur er til 28. desember 2020 og gott ef viðkomandi getur hafið störf sem fyrst á nýju ári.

**Hæfniskröfur:**

- Kennsluréttindi
- Færni í mannlegum samskiptum
- Jákvæðni og áhugi fyrir margbreytilegu starfi
- Lausnamiðun í starfi er mikilvægur eiginleiki
- Sjálfstæð og skipulögð vinnubrögð
- Gleði og samstarfsvilji skipta miklu máli

## Jólagjafir ...meira fyrir peninginn

Opið alla daga til jóla



**Stakar herrabuxur**  
Fleiri gerðir

**Mikið úrval af kvenpeysum**

**Herrapeysur**  
Str. M-7XL - Margar gerðir

**Herraskyrturnar**  
Str. S-6XL  
Margar gerðir

**Margar gerðir af axlaböndum**

**Stutterma pólóbolir**  
Str. M-6XL  
Margar gerðir

**STRIKIÐ**  
Fataverslun  
Austurvegi 69 - Selfossi - 482 2555

**Lág álagning - þinn hagur**



# Skjálftinn 2021 haldinn í Þorlákshöfn í fyrsta sinn

Það verður mikið um dýrðir þegar Skjálftinn verður haldinn í fyrsta sinn í Þorlákshöfn 15. maí 2021. Um er að ræða hæfileikakeppni byggða á Skrekk sem Reykjavíkurborg hefur staðið fyrir og haldið í 30 ár fyrir ungmenni í sínum skólum með frábærum árangri.

Allir skólar í Árnassýslu fengu boð um að taka þátt í Skjálftanum og er óhætt að segja að skólastjórnendur þeirra hafi fagnað framtakinu enda löngu tímabært, eins og ein þeirra sagði.

Ása Berglind Hjálmaradóttir, foreldri í Grunnskólanum í Þorlákshöfn og viðburðarhaldari, segist hafa hugsað það á hverju ári þegar öll þessi frábæru atriði verða til í kringum Skrekk, hversu sorglegt það væri að börn í öðrum skólum en í Reykjavík fengu ekki þetta sama tækifæri svo hún ákvað að gera eitthvað í því. „Það var algjörlega frábært að fá þessi jákvæðu viðbrögð frá öllum skólastjórnendum þegar ég kynnti verkefnið fyrir þeim og ég er viss um að unglingar í skólum Árnassýslu eiga eftir að blómstra í Skjálftanum og við munum öll njóta góðs af því, vegna þess að menning skiptir hvert samfélag svo ofboðslega miklu máli. Þarna fá þau vettvang til að vinna með hæfileika sína, fara út fyrir rammann og sýna öllum hvað unglingar eru frábærir!“



Eins og áður sagði byggir Skjálftinn á hugmyndafræði Skrekks og hefur Ása fengið að nýta reynslu þeirra sem að honum standa í undirbúningsferlinu. „Það skiptir öllu máli að Harpa Rut, sem hefur séð um Skrekk síðustu ár, sé svona stórkostlega jákvæð og viljug til að deila þeirra reynslu. Aðstandendur Skrekks fagna því að verkefnið breiðist út um landsbyggðina og vonandi verður það svo, að unglingar í öllum landslutum fái þetta frábæra tækifæri. Eins og Harpa sagði þá hefur Skrekkur núna eignast systkini sem heitir Skjálftinn og vonandi á fjölskyldan svo eftir að halda áfram að stækka.“

Skjálftinn hlaut hæsta styrk þegar SASS úthlutaði menningarstærkjum í haust, eða

1.500.000 kr. og Sveitarfélagið Ölfus hefur einnig styrkt verkefnið um 500.000 kr. og skiptir það sköpum í framkvæmd verkefnisins sem er mjög kostnaðarsamt.

Ása segir að enn vanti aðeins upp á fjármögnun Skjálftans en að það sé í ferli og að áhugasamir aðilar eða fyrirtæki sem vilji styðja við verkefnið megi gjarnan hafa samband á suðurlands.skjalftinn@gmail.com.

Hægt verður að fylgjast með framgangi verkefnisins á Facebook og instagram:

<https://www.facebook.com/sudurlands.skjalftinn>

og

<https://www.instagram.com/skjalftinn/>

## Ævintýraskógur á Klaustri

Nú á þessum fordæmalausu tímum ákvað starfsfólk Vatnajökulsþjóðgarðsins ásamt Skógræktinni að bregða á leik og hvetja börn og fullorðna til að nýta sér skóginn á Kirkjubæjarklaustri til útivistar og skemmtunar.

Skógurinn á Klaustri er svokallaður þjóðskógur en fjölskyldan á Klaustri hóf þar skógrækt upp úr 1940. Skógurinn er eign Klausturbænda, en hefur verið í umsjá Skógræktarinnar í rúma hálfu öld. Vatnajökulsþjóðgarður og Skógræktin ásamt nemendum Kirkjubæjarskóla og Heilsuleikskólans Kærabæjar eru nú að búa til ævintýraskóg í skóginum og fyrir jólin verður þar jólaþema, auk þess sem Aurora og íbúar Klausturhóla að-

stoða við verkið. Hugmyndin er að hægt sé að fara um skóginn bæði í björtu og í rökkri með vasaljós (vasaljósaganga). Á leiðinni verður ýmislegt á veginum sem örvar ímyndunaraflið, bæði eitthvað jólalegt og ævintýralegt.

Ævintýraskógurinn nær frá Systrafossi og í gegnum dimmasta hluta skógarins (fyrrri hluta grænu leiðarinnar). Verða nemendur skólanna búnir að skreyta skóginn í lok næstu viku en nú þegar eru nokkrar verur komnar á kreik. Helsta markmið verkefnisins er að búa til stað þar sem fólk getur upplifað jólastemningu án þess að hafa áhyggjur af sóttvörnum, leikið sér í náttúrunni, kynnst skóginum og örvað hugmyndaflug. Vonandi munu sem flestir geta nýtt sér þetta uppátæki.



## Sunnlenski matgæðingurinn



Matgæðingur vikunnar er **Helga Káradóttir**.

Ég þakka Örmu vinkonu minni eða Lindu Ben Fljótshlíðar eins og hún er gjarnan kölluð fyrir þessa áskorun. Þar sem ég á ættir að rekja til Frakklands finnst mér tilvalið að bjóða upp á uppáhalds bökuna mína; quiche lorraine:

**Deig**  
150 g hveiti  
75 g kalt smjör  
salt og vatn

Hitið ofn í 180 gráður. Blandið hveiti og salti saman og mylið kalt smjórið við. Blandið svo vatni við þangað til deigið verður viðráðanlegt. Fletjið út deigið, setjið í kökuform og stingið með gaffli á nokkrum stöðum. Gott er að setja það í ofninn í nokkrar mínútur áður en fyllingunni er bætt við.

**Fylling**  
3 egg  
líttill peli af rjóma  
skinkustrimlar  
rifinn ostur  
pipar

Hrærið öllu saman og skellið í kökuformið og bakið í um það bil hálf tíma á 180 gráður. Kosturinn við þessa bökuna er að hún er góð beint úr ofninum og enn betri köld daginn eftir. Bon appétit!

Það er mér sannur heiður að vera sá sem fær að tilnefna Sigurbjörgu Friðu Ólafsdóttur sem næsta matgæðing vikunnar og láta þar með langþráðan draum hennar rætast.

Matgæðingar eru beðnir að senda á [dfs@dfs.is](mailto:dfs@dfs.is) uppskrift ásamt mynd af sér eigi síðar en á sunnudegi.



Og til að gera Guðna til geðs þá er hér ein auðveld frönsk súkkulaðikaka:

**Botn**  
200 g smjör  
200 g suðusúkkulaði  
4 egg  
2 dl sykur  
1 dl hveiti

Bræðið saman smjör og súkkulaði í potti. Þeytið egg og sykur saman í skál og bætið hveiti við. Blandið svo smjör og súkkulaði varlega við allt saman, setjið í form og bakið í hálf tíma á 170 gráður.

**Súkkulaðiþráð**  
150 g suðusúkkulaði  
70 g smjör  
2 msk. síróp

Bræðið allt saman við lágan hita, kælið örflítið og skellið á kökunum. Auðvitað er best að hafa ís með kökunni en þeyttur rjómi sleppur til.

## Bókabíll á Suðurlandi

Bergljót Arnalds, rithöfundur hefur breytt bíl sínum í bókabíl þar sem hún býður upp á bækurnar sínar beint frá höfundum heim að dyrum. „Það er um að ræða barnabækur fyrir krakka sem vilja læra stafina, tölurnar, á klukku, fræðast um dýrin og

margt fleira skemmtilegt,“ segir Bergljót. Hægt er að panta þjónustuna, fá ráðleggingar og fleira á Facebook undir nafni höfundar; Bergljót Arnalds. Meðal þekktustu bóka höfundar eru Stafakarlarinn, Talnapúkinn og sögurnar af Gralla gormi.



Í Bókabílnum eru einnig til sölu eintök af Jólaveinasögu sem er um alla jólasveinana. „Sú bók er uppseld hjá útgefanda og fæst aðeins í Bókabílnum sem stendur. Jólaveinasaga er mjög vinsæl saga af jólasveinum,“ segir Bergljót að lokum.

**DAGSKRÁIN**  
FRÉTTABLAÐ SUÐURLANDS

Útgefandi: Dagskráin, Eyravegi 25, 800 Selfoss, sími 482 1944, [dagskrain@prentmet.is](mailto:dagskrain@prentmet.is).

Ritstjóri: Gunnar Páll Pálsson, sími 856 0673, [gpp@prentmetoddi.is](mailto:gpp@prentmetoddi.is).

Auglýsingar: Katla Harðardóttir, sími 482 1944, [skh@prentmetoddi.is](mailto:skh@prentmetoddi.is).

Dagskráin kemur út á hverjum miðvikudegi. Allt efni og auglýsingar berist í Prentmet, Eyravegi 25, Selfoss, fyrir hádegi á mánuðögum.

Upplag: 8700 eintök.

Dreifing: Ökypis í allar sýslur austan Hellisheiðar. Dagskráin er aðili að samtökum bæjar- og héraðsfréttablaða.

ISSN 1670-407X

Svansmerkið, Prentgripur, 1041 0858

Vísnaðgátur-höf. Ármann Dalmannsson - Útg. Bókaútgáfan SKRUDDA

## Gáta vikunnar

Í hverju bókaorði er ég.

Oftast stend ég fast við dyr.

Til stuðnings manna í ferðir fer ég

Fast í ámu stend ég kyrr.

Svar við gátu í blaði 2575: TAFLA.

1. lína: Altaristafla - 2. lína: Meðalatafla

3. lína: Stundatafla



# ChitoCare beauty

Natural beauty of ICELAND



## Gefðu betri húð

Glæsilegar gjafaöskjur í jólapakkann

Íslensku verðlaunavörurnar frá Chitocare beauty innihalda lífvirka efnið kítósan sem verndar húðina og hentar vel á allar húðgerðir, einnig exemkennda og viðkvæma húð. Gefðu betri húð um jólin.

Frí sending á [chitocare.is](http://chitocare.is)

Útsölastaðir á Suðurlandi: Apótekarinn, Lyfja og Apótek Suðurlands



Örsögur úr safneign



**Ung kona, (gerð í Flórens) eftir Gerði Helgadóttur.** Gerður (1928 – 1975) var fjölhæfur myndlistarmaður sem fékkst við skúlptúr, steint gler og mósaik. Hún stundaði nám við Handiðaskólann og hélt fyrst íslenskra myndlistarmanna til Flórens í nám árið 1949. Fljótlega þar á eftir hélt hún til Parísar, þar sem hún bjó og starfaði mestan hluta ævi sinnar. Steindu gluggarnir í Skálholtskirkju eru einnig eftir Gerði.

Sjá má fleiri verk á vefsíðunni: [listasafnarnesinga.is](http://listasafnarnesinga.is) Verkefnið er styrkt af Uppbyggingarsjóði Suðurlands

LISTASAFN  
ÁRNESINGA

## AÐSTOÐARLEIKSKÓLASTJÓRI - DEILDARSTJÓRI



Í Leikskólann Laugalandi vantar okkur:

**Aðstoðarleikskólastjóra** sem jafnframt gegnir starfi **deildarstjóra**. Um er að ræða 100% stöðu frá 4. janúar nk. Aðstoðarleikskólastjóri starfar við hlið leikskólastjóra og er staðgengill hans. Starfar samkvæmt starfslýsingu og í samráði við leikskólastjóra. Deildarstjóri starfar samkvæmt starfslýsingu og í samvinnu við leikskólastjóra.

### Menntunarkröfur:

- Kennaramenntun
- Menntun og/eða reynsla á sviði stjórnunar æskileg
- Krafist er góðrar íslenskukunnáttu, talaðri sem ritaðri

Leitað er að áhugasömum, glaðværum og metnaðarfullum starfsmanni, karli eða konu, sem hefur góða hæfni í mannlegum samskiptum og er tilbúinn til að vinna eftir sérstökum áherslum skólans.

**Helstu áherslur í starfi** eru m.a. traust og góð umönnun og vellíðan barnanna á allan hátt. ART þjálfun (þjálfun í félagsfærni, reiðistjórnun og siðferði), leikur, útikennsla, slökun og fjölbreyttar vinnustundir. Mikil og góð samvinna er við grunnskólann sem er undir sama þaki og leikskólinn.

Leikskólinn Laugalandi er tveggja deilda leikskóli og er staðsettur að Laugalandi í Holtum. Umhverfi skólans einkennist af fjölbreyttri íslenskrí náttúru sem býður upp á endalusa möguleika fyrir leik og nám.

Umsóknir ásamt meðmælum skulu sendast á Leikskólann Laugalandi fyrir 28. desember nk. á netfangið [leikskolinn@laugaland.is](mailto:leikskolinn@laugaland.is).

Upplýsingar veitir Sigrún Björk Benediksdóttir, leikskólastjóri.

Veffang: <https://laugaland.leikskolinn.is>.

Netfang: [leikskolinn@laugaland.is](mailto:leikskolinn@laugaland.is).

Sími 488 7042

# Fáein orð í tengslum við Hrunamannahrepp



Nýleg mynd af Flúðaskóla, en skólinn á sterkar rætur í öflugum kennurum og starfsfólki nú sem áður.

Svo var mér það sagt, að síðla vetrar 1928 hafi maður einn komið fótgangandi frá Miklholti í Mýrasýslu og austur í Hrunamannahrepp. Erindið var að skoða jörðina Syðra-Langholt er hlaut að verða laus til ábúðar á komandi vori. Sú skoðun leiddi til þess að maðurinn og hans kona hófu þar búskap um vorið, þá um fimmtug að aldri. Á þessum tíma voru flestir fátækir og var mér sagt að þessi maður hefði verið með peningaaleiguna í jakkavasanum, en ekki man ég hvort þetta var 2ja króna mynt eða 10 króna seðill. (Hafi minni mitt skolað þessu eitthvað til, þá óska ég eftir leiðréttingu).

Þessi maður var Sigurður Sigmundsson. Hann náði hátt í að verða níræður að aldri. Ég sá hann og hitti síðasta árið sem hann lifði og undraði mig þessi mikla gleðibirta sem var yfir ásjónu þessa aldna manns. Einhverju sinni hafði hann verið í sjóróðri, fallið fyrir borð og „druknað.“ Félögum hans tókst að ná honum og náðu að vekja hann frá dauða. Á meðan hann var „dauður“ þá upplifði hann sig kominn inn í dyr „Himnaríkis,“ en þar gagntók hann mesta sælutilfinning lífs hans og kunnir hann því vist félögum sínum í fyrstu, takmarkaða þökk fyrir lífsvakninguna.

Meðal barna Sigurðar var Sigmundur sem flutti það sama vor með foreldrum sínum að Syðra-Langholti. Hann var mikill jarðræktar- og búmaður. Síðar hlóðust á hann trúnaðarstörf í sveitinni. Meðal hans barna var Jóhannes ungmennafélagsforingi, bóndi þar og í 33 ár kennari við Flúðaskóla og er hans getið hér síðar.

Ætli það hafi ekki verið á árinu 1934 sem dóttir Syðra-Langholtshjónanna og tengdasonur, þau Margrét Ólöf og Gunnlaugur, þá búandi vestur í Hnappadalssýslu koma í heimsókn að Syðra-Langholti. Í þeirri heimsókn var skroppið upp á Langholtsfjall, á þann stað, þaðan sem vel sést yfir. Þá bendir Gunnlaugur á bæina undir Miðfelli og segir; „þarna vil ég búa.“ Vorið 1935 losnaði vesturbærinn í Miðfelli og fluttu þessi ungu hjón þá þangað. Þau eru foreldrar hinna atgervis-

miklu Gunnlaugssona frá Miðfelli og urðu þeir frægir vegna íþróttarárangurs. Einn þeirra er Skúli sem síðar verður nefndur.

Röð atburða leiddi til þess að haustið 1967 hóf ég störf sem skólastjóri Hrunamanna að Flúðum. Skyldi ég gegna því starfi í einn vetur í fjarveru Hjartar Jónssonar. Á miðjum vetri var óskað eftir mér til áframhalds í því starfi. Þótt hugur minn stefndi til almenns kennarastarfs, þá tók ég þá ákvörðun, af praktískum ástæðum, að verða skólastjóri samtals í 10 ár, hvort sem það yrði þar eða í minni sýslu, Rangárvallasýslu.

Vera mín á Flúðum leiddi til þess að ég kynntist allvel Hrunamönnum og samfélagi þeirra. Þar bjuggu menn vel og voru stórhuga í ákvörðunum og framkvæmdum. Klúbbbar og félög voru mörg og fólk duglegt við að hittast. Andi menningar sveif þar víða yfir. Ég er feginn að hafa átt þess kost að kynna fólkinu þar. Skrifað gæti ég stuttur á lýsingu á fólki flestra heimilanna, en það yrði þó líklega efni í langan bókarkafli.

Það var að áliðu sumri 1972 að tvo gesti bar að garði mínum inni í Veiðivötnum, hvar ég var þá við störf. Þetta voru áður nefndir Jóhannes Sigmundsson og Skúli Gunnlaugsson. Þarna var Skúli í umboði skólanefndar Hrunamannahrepps en Jóhannes sem kennari á eigin vegum, en hann hafði starfað langlengst þeirra allra við skólann. Erindi þeirra var að kanna hvort ég vildi ekki breyta þeirri ákvörðun minni að hætta sem skólastjóri á Flúðum. Ég man að þeir sögðu, að væri eitthvað sem ég vildi láta breyta í sambandi við skólann, þá ætti ég að láta það koma fram, ef það mætti verða til þess að ég drægi ákvörðun mína til baka. Ég sagði sem var, að engin slík ósk væri í huga mínum, tilfærsla mín austur yfir Þjórsá kæmi til af því, að „ævi-langt yrði ég Rangæingur og ég væri í reynd að flytja heim.“

Síðastliðið haust (2019) var ég viðstaddur er fagnað var 90 ára afmæli Flúðaskóla Það var ánægjuleg stund. Þar var fólk á ýmsum aldri og sá ég þar að hinn fyrri menningar- og félagsblær hafði borist til næstu kyn-

slóða. Á þeirri samkomu kom sterkt upp í huga minn, m.a. áður nefnd heimsókn haustkveldið inni í Veiðivötnum og er ég þeim þakklátur fyrir það hugarfar þeirra, er þar lá að baki erindinu. Með þessu greinarkorni kveð ég þessa heiðursmenn. Þó væri það þess virði að nefna margt fleira fólk í sveitinni, bæði vegna starfa þeirra og mannkosta.

Jóhannes sá ég fyrst á Þjórsármóti þar sem hann keppti í stangarstökki. Hann átti gott með að umgangast fólk og var kennari í bestu röð og jafnvígur til kennslu á hinar ólíkustu námsgreinar. Aldrei varð ég þess var að nein „moldvörpustarfsemi“ væri í gangi hjá kennurum skólans hvers í annars garð. Þar var samhyggja og samstarfsgleði ríkjandi. Hann var mikill félagsmálaförmuður og hlaut margþætta viðurkenningu fyrir slík störf. M.a. var hann formaður Héraðssambandsins Skarphéðins í heilan áratug og síðar heiðursformaður. Hann varð hins vegar ekki sá „Sigurður Greipsson“ þeirra Hrunamanna sem ég hafði vænst að hann yrði, enda hefði það sennilega ekki orðið á neins manns færi. Jóhannes var maður fremur léttur í lund og gamansamur. Honum gat sárnað þvergirðingsháttur fólks enda lagði hann sjálfur hvarvetna gott til mála.

Skúli í Miðfelli hafði vítt áhugasvið og bjó yfir ýmiss konar þekkingu, m.a. á dulrænum málefnum. Hvarvetna, þ.m.t. á árlegum skólanefndarfundum, var eins og friður umhverfið hann. Hann var maður hógvæ, yfirvegaður, hlýr í viðmóti og að ásýnd gleðibjartur.


Það hefur glatt mig hversu vel því fólki hefur vegnað, sem á mínum starfstíma voru nemendur á Flúðum. Með ágætum hafa þau „haslað sér völl“ á mörgum sviðum þjóðfélagsins. Þó er það svo, að á áður nefndum afmælisfagnaði sá ég og fann, að eitthvað ljúfari hugblær var nú yfir skólanum og starfi hans heldur en þegar ég „stóð þar við stýrið.“

Gunnar Guðmundsson frá Heiðarbrún.



# FLOGIÐ AFTUR Í TÍMANN

Bókin sýnir alla þéttbýlisstaði á Suðurlandi og á Reykjanesi auk höfuðborgarsvæðisins. Horft er yfir byggðirnar úr lofti eins og þær voru sumarið og haustið 2020. Einnig er farið áratugi aftur í tímann til samanburðar. Magnaðar breytingar urðu á jöklum síðustu 45 árin. Bókin er á íslensku og ensku, 228 síður í stóru broti (25 x 23 cm).



Selfoss 1986 og 2020



Vík í Mýrdal 1976 og 2020



Sólheimajökull 2020 og 1976

SPENNANDI,  
FALLEG, OG MJÖG  
FORVITNILEG JÓLAGJÖF

## SÖLUSTAÐIR Á SUÐURLANDI

BORG: Verslunin Borg

HELLA: Olís

HVERAGERÐI: N1 og Bónus

HVOLSVÖLLUR: N1 Hlíðarendi

HÖFN: N1

KIRKJUBÆJARKLAUSTUR: Skaftárskáli

REYKHOLT: Bjarnabúð

SELFOSS: A4, Bókakaffið, Bónus, Nettó og N1

VÍK: Víkurskáli

© JARÐSÝN Sími: 777 6130 Netfang: bjornrur@gmail.com



# Flóamannabók á flugi „Víktu að mér vori“

Út er komin Flóamannabók í tveimur bindum eftir Jón M. Ívarsson sagnfræðing frá Vorsabæjarhóli.

Þetta er mikið verk, samtals rúmar þúsund blaðsíður. Meira en tvö þúsund myndir eru í bókinni, margar í lit. Þar er umfjöllun um jarðirnar, sögu þeirra, legu og örnefni.

Í þessum bindum er tekinn fyrir gamli Hraungerðishreppurinn. Öllum býlum eru gerð þau skil að ábúendur á 18. öld eru taldir upp án frekari umfjöllunar. Frá aldamótum 1800 eru öllum heimilum gerð þau skil, að gerð er grein fyrir hverjum og einum húsráðanda, fæðingardegi og dánardegi látins, ætt og uppruna hans og maka hans. Talin eru upp börn ábúenda og gerð grein fyrir afdrifum þeirra. Síðan er umfjöllun um búskaparhætti, viðfangsefni og lífshlaup þeirra sem áttu húsum að ráða. Óhætt er að fullyrða að engin sveit á Íslandi hefur fengið jafn ítarlega sögu og Hraungerðishreppurinn í þessari ágætu bók.



Fjallað er um félög og félagsstarfsemi í sveitinni, Flóaaðveituna, kirkjurnar, félagsheimilin og skólann. Taldir upp prestar, organistar, kennarar og aðrir sem að starfseminni hafa komið.

Geysimikinn fróðleik er að finna í bókinni um líf og störf fólksins gegnum þykkt og þunnt, fátæktarbasl og betri tíma og er hún sérlega áhugaverð, ekki síst fyrir þá sem eiga ættir sínar að rekja í Hraungerðishreppinn eða hafa tengst honum á einhvern hátt. Ögrynmi mynda eru í bókinni, gamlar og nýjar, langflestar af fólki, og svo af bæjum og vettvangi daganna.

Kápusíður prýða yfirlitsmyndir yfir Hraungerðishrepp tekna úr lofti af Mats Wibe Lund.

Bókina er hægt að fá hjá höfundinum, sjá vefsíðuna Flóamannabók, ritnefndarmönnum, þeim Guðmundi Stefánssyni, Víðivöllum 9, Selfossi, sími 899 9623, Þórdísi Kristjánsdóttur, Tjaldhólum 58, Selfossi, sími 898 1913, Guðrúnu Tryggvadóttur, Grenigrund 42, sími 894 4448. Auk þess fæst bókinn hjá Bjarna Harðarsyni í Sunnlenska bókakaffinu á Selfossi og í Reykjavík.

Guðmundur Stefánsson

Nýtt tungl lýsir  
gömlu mannkyni  
elt uppi af stakri stjörnu.  
Svo fer nótt að sveitum.  
Þú hrístir heiminn  
í lófa þér  
snjórinn þyrlast yfir  
grundir.  
Láttu ekki blekkjast  
af brosi mínu  
sýndu mildi  
og víktu að mér vori.

Annar í jólum eftir  
Gerði Kristnýju

Sýndu mildi og víktu að mér svori segir Gerður Kristný í ljóði sínu *Annar í jólum*. Í heimsfaraldri biðjum við um mildi og betri tíð. Við vitum ekki hvað bíður á nýju ári. Aðeins að sólin á eftir að hækka á lofti.

Við vorum vongóð í ársbyrjun. Hér var flest í blóma þótt blikur væru á lofti í ferðaiðnaðinum. Atvinnuleysi hafði farið vaxandi og um 10.000 manns voru í atvinnuleit í febrúar. Einmitt þá fóru að berast fréttir af óvenju skæðri veiru sem geisaði í Wuhan héraði í Kína og kölluð var Covid19. Fáir gerðu sér grein fyrir því þá hvaða afleiðingar veiran myndi hafa. Að hér ætti heimsfaraldur eftir að fara sem eldur í sinu um heimsbyggðina og skilja eftir sig dauða, heilsubrest og mestu efnahagsþrengingar í heila öld. Tillugsun um að heimsfaraldur gæti gert slíkan usla í nútímasamfélagi var okkur víðs fjarri þá. En nú, tæpu ári síðar má segja að við séum orðin sérfróð um sóttvarnir og sóttvarnaaðgerðir og búum yfir reynslu sem mun vara lengi.

Árið 2020 gæti lifað í minningunni sem ár erfiðleika, kreppu og sorgar en þess gæti einnig verið minnst sem árs samstöðu og samhjalpar ef við berum gæfu til þess að taka réttar ákvarðanir og byggja upp samfélag sem stendur með öllum sínum þegnum í gegnum erfiðleika. Gerir allt sem í mannlegu valdi stendur til að veita bestu umönnun háum sem lágum, sjúkum sem frískum. Blessunarlega hafa dauðsföll hér á landi orðið færri en svartsýnustu spár gerðu ráð fyrir, svo er sóttvarnatemyinu víðfræga og samstöðu þjóðarinnar fyrir að þakka og frábæru heilbrigðisstarfsfólki sem spyr ekki um stétt né uppruna.

Margir hafa orðið fyrir þungum áföllum, orðið veikir og þurft að glíma við eftirköst, sumir hafa horft á eftir ástvinum, fjölmargir hafa misst atvinnuna og jafnvel aleiguna og munu líklegast þurfa að glíma við afleiðingarnar til lengri eða skemmri tíma. Faraldurinn hefur sannarlega valdið dýpstu efnahagslægd í sögu þjóðarinnar. En öll el styttr upp um síðir og nú í árslok bárust fregnir af bóluefni sem við

Oddný G.  
Harðardóttir  
alþingismaður



bindum öll miklar vonir við. Faraldurinn sýndi okkur hvar styrkur okkar liggur en hann undirstrikaði einnig veikleikana.

Þegar þessi orð eru skrifuð eru um 21.000 íbúar landsins í atvinnuleit og lifa af atvinnuleysisbótum. Og annar eins fjöldi dregur fram lífið á örorkulífeyri og ellilífeyri einum. Þessi hópar eru þeir sem bera þyngstu fjárhagslegu byrðarnar í kreppunni. Margir eiga vart til hnífs og skeiðar og geta ekki leyft sér neinn munað yfir hátíðarnar.

Við jafnaðarmenn köllum eftir samstöðu með þessu fólki. Við viljum tryggja að samfélagið hlaupi hér undir bagga og rétti þeirra hlut. Við viljum dreifa byrðunum í dýpstu efnahagslægd í 100 ár.

Ég vil að á Íslandi verði traust og gott velferðarsamfélag þar sem allir hafa jafnan rétt. Að því eigum við að vinna og byggja upp til framtíðar á forsendum jafnaðarstefnunnar. Að þjóðin njóti arðsins af auðlindum sínum og að allir einstaklingar njóti mannsæmandi lífsskilyrða og afkomuöryggis. Að heilbrigðisþjónusta standi öllum til boða á jafnréttisgrunni og að allir eigi rétt á öruggu húsnæði. Og ekki síst, að allir íbúar landsins hafi aðgang að menntun án tillits til efnahags eða félagslegra aðstæðna. Að aldrei megi hindra aðgang fólks að menntakerfinu sem vill styrkja stöðu sína á vinnumarkaði.

Lærdómurinn af þessu erfiða ári, það sem við getum tekið með okkur inn í framtíðina og byggt framtíð okkar á, er að hér verði að byggja upp öflugt velferðarsamfélag og grænt og sjálfbært hagkerfi. Með öflugt heilbrigðiskerfi sem sinnir öllum, góðum skólum fyrir alla, samfélag þar sem enginn má líða skort og enginn er skilinn eftir.

Við í Samfylkingunni berjumst fyrir hugsjónum jafnaðarmanna. Í samfélögum þar sem jöfnuður ríkir er velferðin almennari og fólkið sáttara, hamingjusamara og heilsu- hraustara. Þannig viljum við að íslenskt samfélag þróist í kjölfar heimsfaraldurs.

Ég óska ykkur öllum gleðilegra jóla og farsældar á nýju ári. Kærar þakkir fyrir samskipti og samstarf á árinu sem er að líða.

Oddný G. Harðardóttir,  
alþingismaður.

**Dagatal 2021**  
ICELAND FROM THE AIR

LANDSCAPE PHOTOGRAPHY ICELAND

FLOSSHEIÐI 1 - 800 SELFÖSS  
pall@palljokull.com

Loftmyndir af Íslandi prýða dagatalið fyrir 2021 að þessu sinni. Ljósmyndarinn Páll Jökull Pétursson hefur ferðast víða um land á undanföllum árum sem leiðsögumaður og ljósmyndari og hefur fangað feegurð landsins sem þið fáið að njóta í heilt ár!

Hægt er að kaupa dagatalið hér og fá sent heim:  
<https://www.rit.is>



# Jákvæður rekstur í Hveragerði

Fjárhagsáætlanir vegna ársins 2021 eru gerðar í ljósi þeirrar miklu óvissu sem nú ríkir varðandi rekstrarlegt umhverfi landsins og reyndar heimsbyggðarinnar allrar. Kórónuveirufaraldurinn hefur lamað stóran hluta atvinnulífs um víða veröld og hafa sveitarfélög hér á landi ekki farið varhluta af því. Forsendur sem gefnar voru við fjárhagsáætlunargerð ársins 2020 hafa flestar brostið og fjárhagsleg óvissa næstu missera er mikil. Miklar vonir eru bundnar við að bólu-efni gjörbreyti stöðunni og er fyllsta ástæða til að telja að svo geti orðið. Þar til það verður að veruleika er samt rétt að gera ráð fyrir því að kórónuveirufaraldurinn muni hafa mikil áhrif hér á landi og þar með einnig á fjárhag einstakra sveitarfélaga.

## Hagnaður af rekstri 2021

Í Hveragerði er atvinnuleysi undir landsmeðaltali og útsvarstekjur bæjarfélagsins hafa skilað sér vel miðað við fjárhagsáætlun 2020. Aftur á móti hafa boðaðar skerðingar á framlögum Jöfnunarsjóðs, sem nemur tugum milljóna mikil áhrif á reksturinn og við því þarf að bregðast. Við gerð fjárhagsáætlunar er fyllstu hagræðingar gætt án þess þó að komi til þjónustuskerðingar eða uppsagna starfsfólks.

Heildartekjur Hveragerðisbæjar (aðalsjóðs, A- og B-hluta) munu verða 3.313 m.kr. Rekstrargjöld og reiknaðar afskriftir samstæðu nema um 3.126 m.kr. Niðurstaða samstæðu án fjármagnsliða er því jákvæð um 187 milljónir sem er 5,6% af tekjum.

EBITDA Hveragerðisbæjar er 301 m.kr. Fjármagnsliðir eru áætlaðir 185 m.kr. Rekstrarniðurstaða samstæðu er jákvæð um 1,5 m.kr.

Ekki mikill afgangur en niðurstaðan er þó jákvæð sem er betra en bjartsýnustu bæjarfulltrúar þorðu að vona. Ef eingöngu er litið til A-hlutans þá er reksturinn jákvæður um rúmlega 8 m.kr.

## Fasteignagjöldum stillt í hóf

Íbúafjöldun í Hveragerði er stöðug og eru íbúar nú 2.781. Hefur íbúum fjölgað um 82 eða um 2,7% á árinu. Uppbygging Kambalands er mun hraðari en búist var við og augljóst að kaup Hveragerðisbæjar á því landi voru skynsamleg ráðstöfun. Víða er einnig verið að byggja í eldri bæjarhlutum en möguleikar til þéttingar byggðar í Hveragerði eru miklir.

Fasteignaverð hefur hækkað

skarpt í Hveragerði að undanfögnu sem óhjákvæmilega hefur leitt til þess að fasteignamat í bæjarfélaginu hefur hækkað mörg undanfarin ár. Bæjarstjórn hefur árlega séð til þess að fasteignagjöld hækki ekki umfram verðlagsþróun að meðaltali. Nú er gert enn betur og séð til þess að fasteignagjöld hækki að meðaltali ekki umfram 2,5% meðan að verðlagsþróun undangengna 12 mánuði er 3,5%. Er því um raunlækkun fasteignagjalda í bæjarfélaginu að ræða. Þannig er séð til þess að íbúar Hveragerðisbæjar þurfa ekki að greiða gjöld í samræmi við sífellda verðmætaaukningu eigna þeirra.

## Fjárfest í mikilvægum innviðum

Gert er ráð fyrir að fjárfest verði fyrir 706 milljónir á árinu 2021 en á móti fjárfestingu koma tekjur meðal annars af gatnagerðargjöldum þannig að nettó fjárfesting mun nema um 400 m.kr. Stærsta einstaka framkvæmd ársins er viðbygging við Grunnskólann í Hveragerði sem hýsa mun sex nýjar kennslustofur. Áætluð lok þeirrar framkvæmdar eru í ágúst 2021.

Gert er ráð fyrir að uppbygging haldi áfram í Kambalandi. Stefnt er að úthlutun lóða fyrir 20 einbýlishús á árinu. Bjarg íbúðafélag hyggur



Aldís Hafsteinsdóttir

bæjarstjóri Hveragerðisbæjar

Bæjarfélagið mun taka lán upp á 400 m.kr til að standa straum af fjárfestingum. Samkvæmt fjármálareglum sveitarfélaga er heimilt að draga frá skuldum skuldbindingu vegna lífeyris sem fellur til eftir 15 ár og síðar. Sé það gert er skuldahlutfall Hveragerðisbæjar 110%. Sé sú heimild ekki nýtt er skuldahlutfallið 137%.

## Sátt ríkir um fjárhagsáætlunargerð

Fjárhagsáætlun Hveragerðisbæjar var samþykkt samhljóða þann 10. desember sl. Áætlunin var unnin sameiginlega af öllum bæjarfulltrúum og var samstarfið til fyrirmyndar. Hefur þessi háttur verið hafður á við fjárhagsáætlunargerð Hvergerðinga mörg undanfarin ár og ríkir mikil ánægja með þetta verklag. Sjaldan hefur verið meiri ástæða til að standa saman og standa vörð um samfélagið okkar en einmitt nú og vil ég nota þetta tækifæri til að þakka bæði bæjarfulltrúum sem og stjórnendum og starfsmönnum samstarfið. Hvergerðingum og öðrum lesendum Dagskrárinnar óska ég gleðilegra jóla og farsældar á komandi ári.

á byggingu 10 leiguíbúða sem leigðar verða út án hagnaðarsjónarmiða og auk þess munu einkaaðilar hefjast handa við byggingu fjölbýlishúsa í hverfinu. Gert er ráð fyrir framhaldi á endurbótum á sundlaugarhúsinu í Laugaskarði og að viðhaldi búningsklefa ljúki næsta vor.

Á komandi ári standa vonir til að framkvæmdir hefjist við nýtt hjúkrunarheimili við Hverahlíð í samvinnu ríkisins og Hveragerðisbæjar sem leggja mun til 15% framlag til byggingarinnar. Með þeirri framkvæmd mun enginn íbúi á hjúkrunarheimilinu á Ási framar þurfa að deila herbergi með öðrum og jafnframt bæstast við fjögur ný rými.

## Skuldir vel undir skuldþakinu

Á árinu 2021 mun rekstur Hveragerðisbæjar skapa tekjur sem duga fyrir rekstri stofnana og afborgunum langtímalána.



VIÐ ERUM NEFNILEGA ALLSKONAR!

JÓL 2020 ✨

Við óskum íbúum Suðurlands til sjávar og sveita **gleðilegra jóla, farsældar og góðrar heilsu á komandi ári!**

Með kærri þökk fyrir samfylgdina á árinu sem senn er á enda

*Bráttum kemur betri tíð með blóm í haga...*





SMURSTÖÐ      VERKSTÆÐI      DEKKJAVERKSTÆÐI

**Bíla- og Tækjapjónustan**

SÍMI: 775-8638      VÍÐ GERUM VÍÐ ALLT      bilarogt@gmail.com

*Við óskum öllum gleðilegra jóla og farsældar á komandi ári.*

*Þökkum fyrir viðskiptin á árinu sem er að líða.*

## STJÓRNENDAFÉLAG SUÐURLANDS

*Óskum félögum okkar og landsmönnum öllum gleðilegrar hátíðar og farsældar á komandi ári.*

*Þökkum fyrir árið sem er að líða.*

# HEYRN

HEYRNARÞJÓNUSTA

**Heyrnarþjónustan Heyrn óskar öllum landsmönnum gleðilegrar hátíðar, heyrumst á nýju ári.**


Hlíðasmára 19, 201 Kópavogur - Sími 534 9600 - heyryn.is

## Gleðileg jól

Landstólpi óskar sunnlendingum gleðilegra jóla og farsældar á nýju ári. Við þökkum fyrir viðskiptin á liðnu ári.

# Ég er örlítill grenjandi minnihluti

**Egir Óskar Gunnarsson**  
vélstjóri og fjallamaður



Áð vera Íslendingur og búa á Íslandi hefur sína kosti, og einn þeirra er frelsi til að velja sér atvinnu, búsetu og að ferðast um landið okkar, og svo mætti lengi telja.

Nú hefur starfsmaður þjóðarinnar sem ber titilinn umhverfisráðherra ákveðið að setja á laggirnar stofnun varðandi miðhálandisþjóðgarð. Þjóðgarður í sjálfu sér er ekki slæmt orð og frekar fallett orð ef út í það er farið en þjóðgarður umhverfisráðherra er allt annað en eingöngu fallett orð. Þar er verið að stofna enn eitt ríkisbákníð í nafni vinstrisinnadra umhverfisinnna. Áform sem munu hafa grafalvarleg áhrif fyrir framtíðina, sem við erum að bjóða komandi kynslóðum upp á.

Ég er alinn upp við það, eins og svo margir aðrir, að fara hálandisferðir, bæði að sumri og vetri, og var kennt að virða náttúruna í einu og öllu. Ég hef tileinkað mér þann lífsstíl alla tíð og mín heitasta ósk er sú að mín börn og þeirra börn fái að upplifa það ferðafrelsi sem ég upplifi hér á Íslandi í dag.

En staðreynd málsins er sú að með miðhálandisþjóðgarði er verið að stofna enn stærra og meira ríkisbákn en með núverandi Vatnajökulsþjóðgarði og mun þessi ný þjóðgarður skerða ferðafrelsi komandi kynslóða um ókomna tíð, ef ekkert verður að gert.

Á sama tíma og talað er um að vernda svæðið er verið að leggja til uppbyggingar

gestastofa víðsvegar um landið og að auka aðgengi ferðamanna um svæðið en eingöngu þeirra sem umhverfisráðherra telur að eigi rétt á því að ferðast innan þjóðgarðsins. Í mínum huga hljómar þetta sem algjörar andstæður og engan veginn það sem umhverfisverndun hljóðar upp á, né að ráðherra sé kominn með slík völd að hann geti takmarkað ferðir Íslendinga og erlendra ferðamanna innan þjóðgarðsins.

Ég get ekki séð að það ríki sátt hjá sveitarstjórnarfólki með þessi áform og þessi vinnubrögð umhverfisráðherra. Þeir hafa t.d. bent á að fundarskipun fyrir hagsmunaaðila hafi oft verið með minna en eins dags fyrirvara. Það lítur því út fyrir að það eigi að þröngva þessu í gegn án þess að hlustað sé á íbúa og hagsmunaaðila innan þjóðgarðsins eða við rætur hans.

Sérstakt er að lesa skýrsluna um miðhálandisþjóðgarðinn þar sem tillögur og áherslur þverpólítískrar nefndar eru settar fram. Þar spyrja hagsmunaaðilar hvort ferðafrelsi ökutækja á slóðum og víðerni innan þjóðgarðsins sé tryggt og svarið sem þeir fá frá umhverfisráðherra er að fyrst og fremst sé verið að tryggja umhverfisvernd með stofnun þjóðgarðsins. Ferðafrelsi einstaklinga er ekki ofarlega í huga í sambandi við stofnun þjóðgarðsins og svörin engan veginn fullnægjandi hvað áhyggjufulla hagsmunaaðila varðar, hvort sem um áhugafólk varðandi svæðið er að ræða eða aðra aðila, svo sem atvinnurekendur eða sveitarstjórnir.

Þá hafa ófá félagasamtök sett sig upp á móti ákvörðuninni. En hvaða félagasamtök er átt við? Um er að ræða samtök þar sem umhverfisvernd er í hávegum höfð ásamt samtökum

áhugamanna sem virða frelsi einstaklingsins til að ferðast á sinn máta. Þessi samtök hafa séð um viðhald á slóðum og samgöngum innan svæðisins, haldið utan um skála á hálendinu, gert göngustíga og unnið við gróðursetningu, allt í nafni sjálfboda starfsins. Þessir einstaklingar munu hugsa sig tvisvar um þegar þjóðgarðsvörðurinn setur þeim leikreglurnar, hvar og hvenær þeir mega njóta landsins síns. Og ekki má gleyma sauðfjárbandum, en margir þeirra telja að sauðfjarrækt muni leggjast af við þessi áform, og er það ekki nákvæmlega það sem reynslan af þessu ári hefur kennt okkur, að treysta á eigið hyggjuvit og atvinnugreinararnar í landinu okkar, sem munu halda lífi í okkur þegar á móti blæs.

Það var ekki miðhálandisþjóðgarðurinn sem gerði hálendið að eftirsóttum stað heldur fólkíð sem er við líf og störf á miðhálandinu. Það hefur hugsað vel um landið frá landnámi, fólk sem umhverfisráðherra hyggst hætta að treysta fyrir þessu göfuga verkefni, eingöngu vegna þess að allt í einu varð landið okkar vinsæll ferðamannastaður.

Í raun snýst þetta um völd og ekkert annað. Ætlum við að leyfa enn einu ríkisbákni vinstri manna að stjórna því hvernig við ferðumst og nýtum landið okkar eða ætlum við að halda áfram að halda landinu hreinu og framandi. Og treysta landsmönnum og sveitarfélögum í landinu til þess að hugsa vel um þá náttúruperlu sem miðhálandið okkar er. Frelsið á Íslandi er eitt af því sem gerir Ísland frábært.

Hvor þessara aðila mynduð þið treysta fyrir hálendinu, einstaka embættismönnum eða landsmönnum?

## Leikskólum í Árborg lokað milli jóla og nýárs

Á fundi fræðslunefndar Árborgar í gær lagði Arna Ír Gunnarsdóttir formaður nefndarinnar fram tillögu um að leikskólar Árborgar yrðu lokaðir á milli jóla og nýárs árið 2020. Tillagan var samþykkt samhljóða og verða leikskólar því lokaðir dagana 28., 29. og 30. desember næstkomandi.

Í bókun nefndarinnar kemur meðal annars fram: „Það hefur mætt á mörgum í samfélaginu að bregðast við þeim síbreytilegu aðstæðum sem skapast hafa vegna Covid-19 og tilheyrandi ákvarðana um samkomutakmarkanir og sóttkvíar. Þessi verkefni hafa óvída verið jafn krefjandi og á leikskólum. Leikskólar Árborgar hafa staðið sig með einstakri þryði svo eftir hefur verið tekið. Sú staða hefur meira að segja komið upp að helmingur starfsfólks hafi óvænt verið bundinn heima í sóttkví og hraðar hendur þurft til að greiða úr málum. Það er tímabært að verðlauna leikskólustarfsfólk og

gefa því andrými nú um jólin til að endurnýja krafta sína í faðmi fjölskyldunnar. Við biðjum alla að sína þessu skilning, lokunin gildir aðeins á þessu ári og er ekki komin til að vera.“

### Skiptar skoðanir á samfélagsmiðlum

Um málefnið eru skiptar skoðanir á samfélagsmiðlum og

íbúasíðum. Einhverjir hafa lofað framtakið meðan aðrir hafa bent á að það geti komið sér illa fyrir að hafa ekki aðgang að leikskólum á þessum tíma. Þá var bent á að þetta hefði mátt koma fyrr fram svo svigrúmið væri lengra fyrir foreldra að bregðast við. Alltént fólk margir undir að leikskólakennarar væru vel að þessu komnir í erfiðu ástandi.





## Lista- og menningarverðlaun Ölfuss 2020

Í haust var auglýst eftir tilnefningum til lista- og menningarverðlauna Sveitarfélagsins Ölfuss. Margar góðar tilnefningar bárust og eftir yfirferð var einróma samþykkt í bæjarráði að lista- og menningarverðlaun ársins skyldu falla þeim hjónum Sigríði Kjartansdóttur og Gestu Áskelssyni í skaut.

Í rökstuðningi með tilnefningunum kom þetta meðal annars fram:

„Þau hjón hafa bæði frá unga aldri verið ákaflega virk í tónlistarlífi Ölfuss og þá einkum Þorlákshafnar, þar sem bæði hafa búið alla tíð. Bæði hafa spilað á hljóðfæri frá örófi og síðan gert það að vinnu sinni, bæði sem tónlistarkennarar við Tónlistarskóla Árnesinga og með því að vera í alls kyns hljómsveitum. Þá hafa þau bæði spilað með Lúðrasveit Þorlákshafnar nánast frá upphafi. Það er þó ekki síst þeirra óeigingjarna starf sem lýtur að kennslu, fræðslu og stuðningi við tónlistarnám barna og unglina í sveitarfélaginu en þau hafa kennt tugum ungmenna á hljóðfæri og þessi börn og unglingar síðan mörg

hver haldið áfram að nýta sér þessa kunnáttu fyrir áeggjan og stuðning þeirra hjóna. Ólíkir styrkleikar þeirra og síðan sameiginlegur áhugi, drifkraftur og samheldni hafa nýst okkar samfélagi ómetanlega vel.“

Þeim hjónum voru afhent

verðlaunin um síðustu helgi og var verðlaunagripurinn að þessu sinni glæsilegt verk eftir Ágústu Ragnarsdóttur sem hannaði það sérstaklega með þau hjón í huga. Að auki var þeim fært gjafabréf á Hendur í höfn.



## Mismunun og ranglæti gagnvart lífeyrispegum eldra fólks

Ríkisstjórn Íslands mismun- ar um 32 þúsund einstaklingum, sem fá greitt úr almannatryggingum vegna aldurs, um að fá enga desemberuppbót eins og allir aðrir hafa fengið, s.s. eins og til ríkisstarfsmanna og launþega, útlendinga, öryrkja ofl. Það er ekki aðeins þessi mismunun heldur flytja ráðherrar fram rök í ræðu og riti, vafalaust með hjálp sérfræðinga og embættismanna, um að vel hafi verið gert við þennan hóp og tilnefna þá gjarnan hækkun í milljónum á bótum og telja þá öryrkja með, án þess að nefna með fjölgun allra bótaþega.

### Samanburður við önnur lönd og yfirtaka ríkisins á 34 þúsundum milljóna

Íslenska ríkið greiðir minnst allra ríkja innan OECD úr almannatryggingum til þessa fólks. Í skýrslum er því haldið fram að Ísland sé í miðjum hópi þessara landa, en þá er tekið mið af greiðslum lífeyrissjóða til fólksins, greiðslum sem það á og hefur sjálft lagt til með sparnaði. Þessar greiðslur sem ríkið sparar sér með skerðingum á greiðslum almannatrygginga til um 32 þúsund einstaklinga námu árið 2018 um 34 milljörðum.

### Lækkun skatts og hækkun eða lækkun bóta

Við fjölgun skattþrepa fyrir ári var því haldið fram að það væri gert til þess að bæta kjör hinna lægst launuðu og útskýrt með rökum í ræðum og með mynd-

um. Ekki var sagt frá því að í tilögunum var gert ráð fyrir lækkun á skattleysismörkum sem tók að mestu út þessi bættu kjör.

Ráðherrar hafa sagt að vel hafi verið komið til móts við eldra fólk með breytingum á almannatryggingum, sem mátti skilja að næðu til þessara 32 þúsund einstaklinga. Reyndin var sú, að þetta náði til um 800 manns, einkum þeirra sem komu erlendis frá.

Hækkun launa á þessu ári, sem komu 1. janúar 2020 voru reiknuð með óskiljanlegum hætti 3,6%, út frá einhverri tilbúinni vísitölu ársins 2018, ekki launavísitölu þess árs. Í væntanlegum fjárlögum á að greiða sömu hækkun út frá hækkun einhverrar vísitölu árið 2019. Þessa hækkun á að greiða mánaðarlega til þessa fólks frá almannatryggingum frá 1. janúar 2021! Launin hækkðu árið 2019 um a.m.k. 7% og laun hafa hækkað þetta ár um a.m.k. 10%, þannig að þessi hópur ber í þessari viðmiðun hækkun tveggja ára á móti 17% hækkun almenns launafólks af hærri launum. Þessi launagliðun hefur árlega átt sér stað í mörg ár og aldrei verið hugað að leiðréttingu.

Í boðuðum fjárlögum fyrir árið 2021 er sagt að bætur/laun almannatrygginga hækki til þessa fólks eins og annarra hópa um 2,5% að viðbættari áðurnefndri 3,6% hækkun eða um 6,1% samtals og verði þá kr. 341.300. á mánuði. Það er rangt, því aðeins þeir sem búa einir,

eða um 10 þúsund manns, fá þessa hækkun með heimilisuppbótinni, sem þarna er talin með, kr. 64.889. á mánuði.

Hjóna- og sambúðarfólk sem eru um 22 þúsund manns fá grunnbætur að upphæð kr. 256.789 á mánuði, sem með hækkuninni verður þá kr. 272.453 en ekki kr. 341.300.

### Ranglætið og skerðingarnar

Öll þessi málsmeðferð ber vott um ranglæti og mismunun. Kosningaloforð núverandi og fyrrverandi stjórnarflokka um leiðréttingar hafa öll verið svikin. Vinstri stjórnin kom skerðingum og vinnuhamlandi aðgerðum þessa fólks á eftir hrun. Næsta stjórn viðhélt þeim og núverandi einnig. Skerðingar og tekjumörk hafa verið óbreytt í um 6 ár, þrátt fyrir hækkun allra annarra tekjuviðmiðana þessi ár. Það býr við 45% skerðingar á lögbundnum greiðslum almannatrygginga gagnvart fjármagnstekjum með lífeyrissjóðstekjum umfram kr. 25.000, á mánuði og samsvarandi skerðingu ef fólkið vinnur sér til bjargar frá fátækt umfram 100 þúsund kr. á mánuði. Ef þetta fólk neyðist eða vill sér til samfélags og gleði vinna umfram þessi mörk, þá nema skerðingar með skatti um 80% af launum þeirra.

Halldór Gunnarsson, formaður kjararáðs Félags eldri borgara í Rangárvallasýslu.



»DFS.is  
FRÉTTAVEFUR SUÐURLANDS

Ertu að leita að vinnu á Suðurlandi?

Ný störf auglýst í hverri viku!

[www.dfs.is/atvinna/](http://www.dfs.is/atvinna/)





**Sendibílar á Suðurlandi**

**Tek að mér alla almenna flutningsþjónstu**  
**Heimsendingar - Vörudreifing - Búslóðaflutningar - Ruslaferðir**  
**Traust og fagleg þjónusta með yfir 20 ára reynslu.**

Tómas 820 3880 - keyrsla@keyrsla.is - www.keyrsla.is - /keyrsla.is



## Verð þú tíma með barninu þínu?

Rannsóknir sýna að börn og unglingar telja að sterk tengsl við foreldra veiti þeim það sjálftraust sem þarf til að þau lendi ekki í slæmum félagsskap. Forvarnahópur Árborgar vill hvetja fjölskyldur til að njóta samverunnar yfir jólahátíðina.

Forvarnahópur Árborgar



# Íþróttir

Efni sendist á dfs@dfs.is

## Hólmfríður aftur í Selfosstreyjuna

**KNATTSPYRNA** Hólmfríður Magnúsdóttir hefur samið við knattspyrnudeild Selfoss út næsta keppnistímabil. Hún er því komin aftur á Selfoss eftir stutta dvöl í Noregi í haust.

Fríða kom til Selfoss fyrir tímabilið 2019 en í september síðastliðnum sneri hún aftur í atvinnumenskuna og samdi við Avaldsnes í Noregi. Hún spilaði sjö leiki fyrir Avaldsnes og skoraði eitt mark en liðið endaði í þriðja sæti úrvalsdeildarinnar.

„Ég er þakklát fyrir tækifærið sem ég fékk í Noregi og það var gaman að spila aftur fyrir Avaldsnes. En nú er ég komin heim og hlakka til að klæðast Selfosstreyjunni á nýjan leik. Það er spennandi tímabil framundan eftir mjög sérstakt knattspyrnusumar 2020.“

Hólmfríður hefur spilað 32 leiki fyrir Selfoss síðan 2019 og skorað í þeim þrettán mörk. Hún er ein leikreyndasta landsliðs-

kona Íslands frá upphafi og var síðast valin í landsliðshópinn gegn Svíþjóð í október síðastliðnum.



Hólmfríður í leik með Selfossi.

Ljósmynd: Fótbolti.net/Anna Þonn

## Eva Lind framlengir samning við Selfoss

**KNATTSPYRNA** Eva Lind Elíasdóttir skrifaði í síðustu viku undir nýjan tveggja ára samning við knattspyrnudeild Selfoss.

Eva Lind er 25 ára gamall sóknarmaður sem hefur leikið 150 leiki fyrir Selfoss og skorað í þeim 32 mörk. Síðustu ár hefur hún ekki náð heilu tímabili með Selfossi þar sem hún hefur verið í háskólanámi í Kansas og spilað í bandaríska háskólaboltanum með Kansas Jayhawks. Hún hef-

ur nú lokið námi og framundan er fyrsta heila knattspyrnusumaríð á Selfossi síðan 2015.

„Það er frábært að Eva Lind sé klár í slaginn og loksins nær hún að taka heilt undirbúnings-tímabil með okkur eftir tíma sinn í Bandaríkjunum. Hún er sterkur leikmaður, verður mikilvægur hlekkur í hópnum okkar á næsta tímabili,“ segir Alfreð Elías Jóhannsson, þjálfari Selfoss.



Eva Lind

Ljósmynd: Umf. Selfoss/Gissur Jónss.

## Fimm leikmenn í æfingahóp u15 landsliðs drengja



F.v. Gísli Steinn, Unnar Örn, Birkir Máni, Birkir Hrafn og Sigurður Darri

**KÖRFUBOLTI** Í dag voru æfingahópar yngri landsliða kynntir og voru fimm leikmenn frá Selfossi Kórfa valdir í æfingahóp. Allir leikmennirnir eru hluti af gríðarlega sterkum 2006 árgangi okkar Selfyssinga. Drengirnir sem valdir voru heita Birkir Hrafn Eypórsson, Birkir Máni Sigurðarson, Gísli Steinn Hjaltason, Sigurður Darri Magnússon og Unnar Örn Magnússon. Þeir hafa lagt mikið á sig síðustu árin, æft vel og eru duglegir að taka leiðsögn.

Þeir eru því virkilega vel að þessari tilnefningu komnir.

Því miður verða engar æfingar á milli jóla og nýárs eins og hefð er fyrir en tilnefningin engu að síður mikil hvatning fyrir drengina og verður spennandi að sjá hvað gerist á nýju ári þegar keppni hefst að nýju.

Við óskum drengjunum okkar innilega til hamingju með árangurinn, framtíðin er svo sannarlega þeirra.

## Skotvél hjá Hamri í Hveragerði

**Körvubolti** Það eru margar hendur og margar raddir sem koma að því að halda íþróttalífi barna gangandi. Þetta er að stærstum hluta sjálfbodaliðastarf og því oftast en ekki erfitt að gera kröfur um vinnu og/eða fjárframlag. Þó er það svo að allt kostar þetta og einhverstaðar þarf að fá aurinn. Undanfarin tvö ár hefur félagið gengið með þann

draum í maganum að yngri flokkar körfuknattleiksdeildar Hamars í Hveragerði gætu haft aðgang að svokallaðri skotvél. Nú í haust varð svo draumurinn að veruleika þegar pöntuð var „The Gun“ beint frá vöggu körfuboltans, Ameríku. Það er ekki nokkur vafi að með tilkomu þessarar vélar munu iðkendur bæta skotgetu sína þótt auðvitað sé þetta

engin töfralausn því í grunninn þarf alltaf áhuga og metnað. eins og áður sagði kostar þetta allt eitthvað og þar hafa fjögur fyrirtæki komið sérstaklega vel að starfi yngri flokka körfunnar í Hveragerði, en það eru Krónan, Dvalarheimilið Ás, TRS og Bygginarfélagið Hamar og þökkum við þeim kærlega fyrir stuðning undanfarin ár.



Kirkjulundur 19  
Garðabær  
harpa@harpautfor.is  
harpautfor.is



Harpa Heimisdóttir  
842 0204




Brynja Gunnarsdóttir  
821 2045



Fáðu tilboð í auglýsingarnar  
Auglýsingasíminn er 482 1944



## Getur þú hugsað þér gleðilega hátíð án rafmagns?



Við hjá RARIK óskum viðskiptavinum, samstarfsmönnum og landsmönnum öllum gleðilegra jóla með von um gott og orkuríkt ár. Við munum eins og áður leitast við að svara orkupörf viðskiptavina yfir hátíðarnar, með öruggum hætti.



## FUNDIR

**KRABBAMEINSFÉLAG  
ÁRNESSÝSLU**  
Símatími alla virka daga  
frá kl. 13:00 til kl. 16:00  
sími 788 0300.

**Al-Anon Selfossi**  
Al-Anon fundir á þriðjudögum  
kl. 20:00, nýliðafundur  
kl. 20:30 fundur, Hrísholti 8

**Al-Anon**  
Al-Anon fundur - Einn dagur  
í einu. Laugardagsmorgnum  
kl. 10, Hrísholti 8, Selfossi.

**AA**  
Mán. kl. 21 - AA fundur  
Þrið. kl. 12:05 - AA fundur  
Þrið. kl. 19 - AA konufundur  
Mið. kl. 19:30 - AA fundur  
Fim. kl. 20 - AA karlafundur  
Fös. kl. 20:30 - AA fundur  
Lau. kl. 21 - AA Opinn fundur  
Sun. kl. 11 - AA fundur  
Sun. kl. 21 - AA fundur  
AA Hrísholti 8, Selfossi.  
Nánari upplýsingar á aa.is.

**AA Sporgöngufólk f. alla**  
Bókasafn  
Hafnarberg 1 - 815 Þorlákshöfn  
Klukkan 11-12 sunnudag.

**AA opin fundur f. alla**  
Kirkjan kjallari  
Skálholtsbraut - 815 Þorlákshöfn  
Klukkan 20:00 fimmtudag.

**OA**  
Áttu erfitt með að hætta að  
borða? OA 12 spora fundir  
Overeaters Anonymous alla  
þriðjudaga kl. 17:30 Hrísholti 8.

**CoDA**  
Bataleið frá meðvirkni  
Fundir alla laugardaga  
kl. 10:30.  
Hrísholti 8, Selfossi.  
Nánari upplýsingar á coda.is.

**Leiðin út á þjóðveg**  
Fundir í Rauðakrosshúsinu  
Hveragerði, efri hæð,  
fimmtudaga kl. 20:30.

**LJÓSMYNDAR  
PRENTUN**

**prentmet**  
heildarlausnir í prentun

Sími 482 1944 | selfoss@prentmetoddi.is

**KLETTUR**

Bifreiðaverkstæði  
Sími 482 4012, Hrísmýri 3, Selfossi

Þjónustuskóðanir Heklu-bifreiða og  
almennar bílavíðgerðir.  
Hjólástillingar



Dekkja- og smurþjónusta  
Sími 482 4069



Gagnheiði 11  
800 Selfossi  
Sími 482 2200  
GSM 894 2277  
Fax 482 2777

Yfirbyggingar – Réttingar  
Bílamálun – Rúðuskipti

## ÞJÓNUSTA



S: 662-1122

**Daglegar ferðir**  
SELFLOSS - REYKJAVÍK  
SUÐURLAND

**ICECOOL**

Bifreiða- og breytingaverkstæði  
Gagnheiði 51, Selfossi  
Sími 482 1361 - gunni@icecool.is



**KJARNABÓKHALD**

Bókhald • Framtöl • Skattskil  
Launavinnslur • Ráðgjöf o.fl.

Austurvegur 6 - 800 Selfoss  
Sími 482 3755 - kjarna@centrum.is

**Ráð í rekstri !**

**Hjá Maddy ehf.**

Eyrangei 27 - 800 Selfoss  
s. 482 3454 - maddy@maddy.is

Bókhald - ráðgjöf  
skattskil

Þjónusta við  
einstaklinga og  
fyrirtæki

Persónuleg þjónusta

**Nemendur í  
Sunnulækjarskóla  
fá endurskinsvesti**




Sterk hefð er fyrir því að nemendur  
í Sunnulækjarskóla á Selfossi  
fái afhent endurskinsvesti til  
eignar frá foreldrafélagi skólans.  
Endurskinsvestin eru nafnamerkt  
hverju barni fyrir sig. Vestin koma  
sér auðvitað afar vel í skammdeginu  
þegar börnin eru á leið í og úr skóla.  
Vestin eru bæði skærlet og vel bún  
endurskinsmerkjum.

# Kærleiksengill

Uppskrift vikunnar er heklud mynd  
af kærleiksengli. Myndin er heklud  
með svokölluðu mynsturhekli,  
sem myndað er með loftlykkjum  
og stuðlum. Við notuðum fallegt  
bómullargarn frá DMC sem nefnist  
Petra og er einkar áferðarfallegt.  
Myndin mælist 52 cm á beidd og  
40 á hæð og getur hentað sem lítill  
dúkur, diskamotta, gluggaskraut,  
innrömmuð mynd eða til að setja á  
púða.

Mynsturhekl er unnið þannig að  
hver reitur í mynstrinu jafngildir 3  
lykkjum og mynstrið myndast þannig  
að fyllt er upp í suma möskva en aðra ekki. Opinn  
möskvi myndast með 2 ll og 1 st, og fyllt möskvi  
með 3 st. Athugið að stuðlarnir eru heklaðir utan  
um loftlykkjurnar. Heklað er samkvæmt mynstrinu,  
fram og tilbaka. Þegar farið er milli umferða er fyrsti  
stuðull myndaður með 3 ll, en ef fyrsti möskvi nýrrar  
umferðar er opinn, þá eru gerðar 5 ll og 1 st og  
sérhver umferð endar á 1 st.

Efni: 1 dokka Petra bómullargarn, heklunál nr. 2,5,  
stífelsi.




Fitjið upp 127 loftlykkjur, snúðu við og heklið eins og  
mynstur sýnir.

Við mælum með að strekkja stykkið og stífa í  
lokin.

Uppskrift: Þóra Þórarinsdóttir

Við óskum hannyrðafólki gleðilegra jóla og farsældar  
á komandi ári og þökkum samfylgdina og góðar  
undirtektir við uppskriftum okkar í gegnum árin.  
Alda og Þóra í Hannyrðabúðinni.



**Hannyrðabúðin**

Eyrangei 23, Selfossi // 555-1314



**DFS.is**  
FRÉTTAVEFUR SUÐURLANDS

Ferskar fréttir á hverjum  
degi. Kíktu við!



## Ungir og upprennandi listunn- endur heimsóttu LÁ

Listasafn Árnesinga tekur á móti öllu fólki opnum örmum. Þó sérstaklega yngri kynslóðinni. Safnið hefur lagt lóð sín á vogarskálur upprennandi listamanna. Bæði með heimsóknum í safnið og svo skapavinnustofum fyrir börn síðasta sunnudag í hverjum mánuði. Þetta starf hefur ekki farið varhluta af kórónuveirunni, en þrátt fyrir það heimsótt börn frá leikskólanum Óskalandi í Hveragerði, *Safnið heim*. „Krökkunum fannst mjög spennandi að mega ganga á

jörðinni, sem er motta með áprentaðri jörð. Þá hlustuðu þau á tónverk samið til jökla, hlustuðu á steina og ýmislegt fleira spennandi,“ segir Kristín Scheving, safnstjóri. Börnin launuðu góðar móttökur með því að skreyta jólagluggann í safninu. Glugginn opnar í dag, 16. desember, en algert hernaðarleyndarmál er hvað leynit í honum. Hér fyrir neðan sjáum við svo nokkrar myndir frá skemmtilegum degi. -gpp



## AUGLÝSING UM FORVAL

Sveitarfélagið Árborg lýsir eftir áhugasömum aðilum til þess að taka þátt í útboði vegna hönnunar og byggingar færanlegra kennslustofa fyrir Stekkjaskóla á Selfossi.

**Stekkjaskóli - Færanlegar kennslustofur**, Alútbóð nr. 2006052.

**Lauslegt yfirlit yfir verkið:**

Við Stekkjaskóla á að smíða, fullgera og setja niður 10 færanlegar kennslustofur ásamt tengigangi. Heildarstærð kennslustofa og tengigangs er u.þ.b. 1.100 m<sup>2</sup>.

Kennslustofueiningarnar skulu þannig gerðar að hægt sé að fjarlægja einingarnar með krana og setja niður annars staðar, þegar þörf á viðbótarkennsluhúsnæði breytist. Væntanlegur verktafi mun fullhanna einingarnar og afhenda fullbúnar ásamt tengigangi á lóð Stekkjaskóla í Björkstykki á Selfossi. Gert er ráð fyrir að bjóðandi smíði bæði kennslustofueiningar og tengigang, annars staðar, og komi með þau og setji niður á undirstöður eftir útfærslu bjóðanda. Einnig er mögulegt að byggja einingarnar og tengigang á staðnum. Nánari lýsingu og útskýringar er að finna í útboðsgögnum.

**Lok framkvæmda: 31. júlí 2021.**

Skilyrði þátttöku eru nánar útskýrð í útboðsgögnum sem verða afhent á rafrænu formi frá og með þriðjudeginum **15. desember 2020**. Þeir sem hyggjast taka þátt í útboðinu skulu hafa samband við Eirík Stein Búason hjá Verkis hf. á Selfossi með tölvupósti í netfangið [verkis.selfoss@verkis.is](mailto:verkis.selfoss@verkis.is) og gefa upp nafn, heimilisfang, síma og netfang sitt og fá útboðsgögnin í kjölfarið send í tölvupósti.

Gögnum þátttakenda skal skila til Verkis hf., fyrir kl. 14.00 föstudaginn 15. janúar 2021.

Fyrirmælum varðandi skil gagna er nánar lýst í útboðsgögnum.

Mannvirkja- og umhverfissvið  
Árborgar



## AUGLÝSING UM SKIPULAGSMÁL

Bláskógabyggð, Flóahreppur, Hrunamannahreppur og Skeiða- og Gnúpverjahreppur.

Aðalskipulagsmál

**Samkvæmt 30. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 eru kynntar tillögur aðalskipulagsbreytinga og skipulagslýsinga eftirfarandi skipulagsáætlanar:**

**1. Suðurhlíð Langjökuls - Íshellir - Tillaga aðalskipulagsbreytingar.**

Sveitarstjórn Bláskógabyggðar samþykkti á fundi sínum þann 10. desember að kynna tillögu aðalskipulagsbreytingar vegna íshellis í suðurhlíð Langjökuls. Innan tillögunnar er gert ráð fyrir skilgreiningu staks afþreyingar- og ferðamannasvæðis á Langjökli. Innan svæðisins er gert ráð fyrir möguleika á að gera manngerðan íshelli sem viðkomustað fyrir ferðamenn. Íshellir geti verið allt að 800 m3 að stærð. Ekki er gert ráð fyrir varanlegum mannvirkjum innan svæðisins.

**2. Stekkatún 1, L222637 og 5, L224218 - Breytt landnotkun - Tillaga aðalskipulagsbreytingar.**

Sveitarstjórn Bláskógabyggðar samþykkti á fundi sínum þann 10. desember að kynna tillögu aðalskipulagsbreytingar vegna breyttrar landnotkunar að Stekkatúni 1 og 5. Í tillögunni felst að hluta frístundasvæði F73 er breytt í landbúnaðarland.

**3. Skálpanesvegur - Námur - Lýsing aðalskipulagsbreytingar.**

Sveitarstjórn Bláskógabyggðar samþykkti á fundi sínum þann 10. desember að kynna skipulagslýsingu vegna breytinga á aðalskipulagi Bláskógabyggðar 2015-2027. Í breytingunni felst að skilgreind eru tvö ný efnistökusvæði við Skálpanesveg.

**4. Reiðleið með Skeiða- og Hrunamannavegi - Lýsing aðalskipulagsbreytingar**

Sveitarstjórn Bláskógabyggðar samþykkti á fundi sínum þann 10. desember að kynna skipulagslýsingu vegna breytinga á aðalskipulagi Bláskógabyggðar 2015-2027. Í breytingunni felst að sett verður inn reiðleið meðfram hluta Skeiða- og Hrunamannavegar og reiðleið sem er fyrir í aðalskipulagi færast vestur fyrir veg.

Deiliskipulagsmál

**Samkvæmt 40. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 er hér kynnt tillaga eftirfarandi deiliskipulagsáætlunar:**

**5. Holt, L192736 - Unnarholt land - Deiliskipulag**

Sveitarstjórn Hrunamannahrepps samþykkti á fundi sínum þann 10. desember að kynna tillögu deiliskipulags vegna nýs deiliskipulags að Holti L192736 í Hrunamannahreppi. Í deiliskipulaginu felst skilgreining fjögurra byggingarreita, þriggja fyrir íbúðarhús og eins fyrir útihús.

**Samkvæmt 41. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 eru hér auglýstar tillögur eftirfarandi deiliskipulagsáætlana:**

**6. Hallandi L166310-166315, Engjar 1-11 - Frístundasvæði - Deiliskipulag**

Sveitarstjórn Flóahrepps samþykkti á fundi sínum þann 8. desember að auglýsa deiliskipulagstillögu sem tekur til frístundasvæðis F2 innan aðalskipulags sveitarfélagsins. Markmið deiliskipulagsins er m.a. að afmarka legu lóða og byggingareiti, skilgreina byggingamagn innan svæðisins og stuðla að uppbyggingu þess.

**7. Brautarholt L166450 og L179531 - Fjölgun lóða og breyting lóðamarka - Deiliskipulagsbreyting**

Sveitarstjórn Skeiða- og Gnúpverjahrepps samþykkti á fundi sínum þann 25. nóvember að auglýsa tillögu deiliskipulagsbreytingar að Brautarholti. Í breytingunni felst m.a. að mörk og stærðir lóða breytast innan svæðisins.

**8. Brúarhvamur L167071 - Hótelbygging og smáhýsi - Deiliskipulag**

Sveitarstjórn Bláskógabyggðar samþykkti á fundi sínum þann 10. desember að auglýsa deiliskipulag sem tekur til lands Brúarhvamms L167071. Í deiliskipulaginu felst að heimilt verður að byggja allt að 100 herbergja hótél ásamt veitingastað. Hótelíð yrði á 2 hæðum og allt að 3.000 fm að stærð. Einnig verði heimilt að byggja allt að 10 gistihús, hvert gistihús verður allt að 45 fm að stærð.

**9. Hellnaholt, Fossnes - Nýjar lóðir - Deiliskipulag**

Sveitarstjórn Skeiða- og Gnúpverjahrepps samþykkti á fundi sínum þann 25. nóvember að auglýsa tillögu deiliskipulags fyrir Hellnaholt, Fossnesi. Deiliskipulagið tekur m.a. til byggingaheimilda fyrir íbúðarhús, hesthús, átta frístundalóða og einnar landbúnaðarlóðar.

Ofangreindar skipulagstillögur liggja frammi til kynningar á skrifstofu skipulagsfulltrúa, Dalbraut 12, Laugarvatni á skrifstofutíma embættisins. Að auki er hægt að nálgast tillögur á vefslóðinni <http://www.utu.is>. Þá eru gögnin aðgengileg á heimasíðum sveitarfélaganna: <https://www.blaskogabyggd.is/>, <https://www.floahreppur.is/>, <https://www.fludir.is/> og <https://www.skeidgnup.is/>

Skipulagstillögur og lýsingar eru í kynningu frá 16.12.2020 til og með 8. 1. 2021 og skulu athugasemdir og ábendingar berast eigi síðar en 8. 1. 2021.

Deiliskipulagstillögur eru auglýstar með athugasemdafresti frá 16. 12. 2020 til og með 29. 1. 2021. Athugasemdir og ábendingar skulu berast eigi síðar en 29. 1. 2021.

Athugasemdum og ábendingum skal skila skriflega á skrifstofu UTU Dalbraut 12, Laugarvatni eða með tölvupósti á netfangið [vigfus@utu.is](mailto:vigfus@utu.is).

Vígfús Þór Hróbjartsson,  
skipulagsfulltrúi UTU





## Sprenging í byggingu íbúða á Hellu

Á síðustu tveimur árum hefur orðið sprenging í byggingu íbúða á Hellu. Ástandið var orðið þannig að gríðarleg eftirspurn skapaðist eftir þeim íbúðum sem settar voru á sölu og varð vart við skort á framboði snemma á árinu 2017. Fólk sem hugði sér til hreyfings og ætlaði að minnka við sig, selja stóra húsið sitt og fá sér minni íbúð, gat það ekki, þar sem skortur var á minni íbúðum. Því var ekki um eðlilega endurnýjun að ræða ásamt því að nýtt fólk fann sér heldur ekki stað til að búa á.

Verktakar sáu sér leik á borði og með samstilltu átaki þeirra

og sveitarfélagsins, var byrjað á byggingum 80-90 m<sup>2</sup> íbúða í raðhúsum á Öldusvæðinu svokallaða, rétt fyrir neðan flugvöllinn á Hellu. Í dag er þegar búið að byggja 8 íbúðir við Sandöldu, 11 íbúðir við Skygnisöldu og 12 íbúðir við Snjóöldu og eru þá ekki taldar þær íbúðir sem ekki tengjast þessu átaki. Sveitarfélagið hefur keypt 6 íbúðir af þessum rúmlega 30 íbúðum undir félagslega þjónustu sína og eru aðrar íbúðir seldar eða komnar í almenna útleigu. Jafnframt var lokið byggingu á fjögurra íbúða raðhúsi við Guðrúnartún við dvalarheimilið Lund fyrir

eldri íbúa samfélagsins. Nú, þegar þetta er skrifað, er búið að úthluta 7 lóðum á Öldusvæðinu til viðbótar undir a.m.k. 27 íbúðir og eru verktakar í starholunum að hefja framkvæmdir. Það er stefna skipulagsyfirvalda að byrja ekki úthlutun á nýju svæði fyrr en a.m.k. 60% núverandi svæðis er þegar orðið byggt og er því ekki langt að bíða að farið verði að úthluta lóðum í götunum Kjarröldu, Lyngöldu, Melöldu og Móöldu, en þar er gert ráð fyrir 65 – 80 íbúðum í mismundandi útgáfum einbýlis-, par- eða raðhúsa.

## Börn 11 ára og yngri ferðast frítt með Strætó



Í tilkynningu frá Strætó bs. Í munu börn yngri en ellefu ára ferðast án endurgjalds með Strætó. Sölu sérstakra barnamiða verður hætt samhliða breytingunni. „Frá 3. janúar

til 15. febrúar nk. verður hægt að skila barnamiðum til Strætós bs., Hesthálsi 14, 112 Reykjavík. Miðarnir verða að fullu endurgreiddir.“ -gpp

### DFS.is

Fáðu tilboð í auglýsingapakka í blaðið og á vefinn!

Sími 482 1944  
dfs@dfs.is

### D-H BÓKHALD

- ✓ Bókhaldsþjónusta
- ✓ Skattskil
- ✓ Stofnun fyrirtækja
- ✓ Framtöl og ársreikningar
- ✓ Fyrirtækjaráðgjöf

Dagbjört Hannesdóttir  
MACC í viðskiptafræði  
dhbokhald@gmail.com  
s. 6933708



YLJASHOP  
Netverslun í Árborg  
-fatnaður og leikföng

### FROST

KÆLIKERFI - FRYSTIKERFI  
HÖNNUN - SALA - ÞJÓNUSTA

HÁHEIÐI 9, SELFOSSI - SÍMI 464 9400 - WWW.FROST.IS

### expert kæling

Sími 660 2970

Uppsetn. og viðhald á kæli- og frystikerfum  
Ísskápa viðgerðir - Almennar raflagnir

### BÓNFDGAR



Gagnheiði 51 - Selfossi  
Símar 482 2327 - 848 2327  
- Sækjum og skilum -

### Jiibbiíi

### Siggafærðir

- Flutningaþjónusta -

Selfoss - Reykjavík f.h. og e.h.  
Reykjavík - Selfoss f.h. og e.h.

Reykjavík - Selfoss  
Hella - Hvolsvöllur

Sími 772 6010

## Rétting og málun

Vottað réttingaverkstæði  
Cabas tjónaskoðun

Breiðumýri 1, Selfossi  
480 8020



Gísli G. Guðmundsson Svanhildur Eiríksdóttir Elfar F. Sigurjónsson

Vistvænar íslenskar kistur, krossar og legsteinar

Sími 482 4300 • www.fylgd.is • fylgd@fylgd.is

NYTT

## Vinnuvélanámskeið á netinu!

www.vinnuvelaskolinn.is



Fæst hjá  
**BYKO** Selfossi

### VÉLSMÍÐJA SUÐURLANDS ehf


Selfossi Gagnheiði 5 Sími: 482 1980

Efnissala  
Rennismiði  
Innréttingar  
Járnsmiði

Gagnheiði 5, Selfossi  
Sími 482 1980

### Hjólbarðapjónusta Magnúsar

Gagnheiði 25 - Sími 482 2151



Hjólbarðar

Betri vörur - betra verð

## Sprettur

### ÁBURÐUR

Skeljungur

Lúvík Bergmann, Viðskiptastjóri  
GSM: 840 3009



Bílasprautun - Bílaréttingar  
Bílrúðuskipti

### Bilverk BA

- þar sem fagmennirnir vinna

★★★★★ Vottað verkstæði

Gagnheiði 3 - Selfossi

Sími 482 2224 / 899 5424 - bilverkba.is

## Lagnaþjónustan ehf

Pípulagnir - Efnissala  
482 2311 ☎ 696 2311  
Skrifstofa Þjónustusími

25. ára

